

Uppdópaður paradísarmissir

Það er ekki beinlínis jólalegt að lesa Ströndina eftir Alex Garland, a.m.k. ekki ef maður vill eiga rólega stund með bók við kertaljós. Spennan í sögunni er gífurleg og ofbeldið gengdarlaust. Sögumaðurinn, Richard, er ungur og ævintýragjarn Ameríkani á hippaferðalagi um Asíu með bakpokann sinn. Hann er frekar stefnulaus hasshaus með stríðsmyndir um Víetnam á heilanum. Markmiðið er að koma sem víðast á framandi staði og vinna einhver handarvik til að eiga fyrir farmiða á næsta stað. Hann er orðinn leiður á að sitja innan um sólbakað fólk á skítugri baðströnd í Bangkok þegar hann heyrir þjóðsögu um ósnortna og friðaða strönd í tælenskum eyjaklasa þar sem enginn túristi hefur stigið fæti. Hann leggur á sig mikið erfiði til að komast þangað ásamt frönskum kunningjum sínum og þykist hafa fundið paradís á jörðu. Á ströndinni er fyrir hópur manna í einskonar frumstæðri kommúnu. Richard og félagar ganga í flokk þeirra og una sér vel framan af.

Löngum hefur það verið fjarlægur draumur margra að flýja úr öllu stressinu í fjölmiðla- og neyslusamfélagi nútímans og komast í nána snertingu við náttúruna og sjálfan sig. Þessi draumur holdgerist að nokkru leyti í Survivor-sjónvarpsþáttunum sem margir kannast við. Ströndin hans Richards er svona útópía: afskekkt, fögur, friðsæl og gjöful, rólegt og fagurt mannlíf og trú á samheldni sem byggist m.a. á sanngjarnri verkaskiptingu. Ekki spilla marijúana-akrar taílensku bændanna á eyjunni fyrir allri sælunni. En náð sambylí fólksins á ströndinni er ekki árekstralaust. Upp koma ýmis vandamál sem firring og hálfgerð geðveiki Richards auka enn á. Hið ljúfa líf á ströndinni er honum ekki nóg – ógnir eyjunnar töfra hann og trylla. Richard sér blóðugar sýnir, talar við hryllingsveruna Daffy og lifir sig æ meir inn í heim Víetnam-myndanna. Ýmis atriði úr sögunni minna á Flugnahöfðingja Williams Golding (Lord of the Flies) þar sem nokkrir skólastrákar bjargast á eyðieyju. Brátt losnar um höft siðmenningarinnar og dýrið gengur laust. Sama gerist í Ströndinni og endalaus dópneyslan flýtir stórlega fyrir hörmungunum. Lokasena bókarinnar birtir vitfiringu eiturfylla og ofbeldis í sinni svæsnustu mynd.

Ströndin hefur nú verið þýdd á um 30 tungumál. Þýðing Björns Þórs Vilhjálmssonar fer ekki vel af stað, ensk áhrif stinga í augu en það lagast þegar á líður. Það er t.d. ekki falleg íslenska að segja „hin hliðin á eyjunni“. Sagan er skrifuð á „pop-cult“-máli með ótal tengingum við kvikmyndir, tölvuleiki, tónlist og slangur sem erfitt er að koma til skila en Birni tekst oft vel upp. Sagan er hörkuspennandi og mögnuð á einhvern dularfullan hátt með framandi umhverfi sínu og villimennsku. Þeir sem hafa séð myndina, *The Beach*, ættu að lesa þessa bók hið fyrsta, það sannast eins og svo oft áður að bókin er miklu betri en myndin. Og það er auðvitað stór kostur að Leonardo di Caprio er ekki í bókinni.

Alex Garland
Ströndin
Björn Þór Vilhjálmsson þýddi
Forlagið 2000

Bókmenntir
Steinunn Inga Óttarsdóttir